

OPIÐ BRÉF**um nýjar almennar kosningar til Alþingis.****15**

5. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að Vér höfum með opnu bréfi dagsettu í dag
rofið Alþingi, þá er það allramildilegastur vilji Vor að nýjar almennar kosn-
ingar skuli fara fram sunnudaginn 16. júlí næstkomandi.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum svo fyrir að almennar kosningar til
Alþingis skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 5. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.